



Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

LANDSKEPPNI ÍSLAND - DANMÖRK.

Danir unnu Íslendinga naumlega í landskeppni í karate 5-4 Það lá við að troðfullt Borgarleikhúsið ætlaði að rifna af spennu þegar íslenskir og danskir karatemenn áttust við í dag (laugardag), en haldin var nýstárleg karatekeppni hér á landi. Þá mættust sjö landsliðsmenn hvorrar þjóðar í skemmtilegri keppni. Keppnin fór þannig fram að einn karl og ein kona frá hvoru landi keppti í kata (fyrirfram ákveðnar hreyfingar sem framkvæma þarf í réttri röð, réttum hraða og krafti) og síðan voru háðir sjö kumitebardagar (hálf-frjáls bardagi með takmarkaðri snertingu).

Íslensku keppendumir í kata, þau Sólveig Sigurðardóttir og Daníel Pétur Axelsson, unnu bæði sína keppinauta með glæsilegum kata. Sjö kumitebardagar voru háðir, þ.a. tveir kvemma, og sigruðu danir fimm þeirra en íslendingar tvo. Það voru þau Edda L. Blöndal og Jón Ingi Þorvaldsson sem sigruðu hvort sinn bardaga. Jón Ingi keppti tvisvar sinnum þar sem einn íslensku keppendanna forfallaðist.

Má til gamans nefna að í danska liðinu eru allir meðlimirnir danskir meistarar í kata eða kumite, og sumir í hvoru tveggja. Í íslenska liðinu eru bæði Íslandsmeistarar og karatemenn ársins og í báðum liðum eru karatemenn sem hafa náð langt í Evrópumótum.

Að sögn Ólafs Wallevik, formanns Karatesambands Íslands munu danska og íslenska landsliðið þjálfa að verulegu leyti saman á næstu mánuðum og var þessari keppni því fyrst og fremst er ætlað að styrkja og efla tengsl milli þjóðanna í því tilliti.

Liðin voru þannig skipuð:

Danmörk:

Mathilde Klint (kata og kumite)
Silas Hecht (kata og kumite)
Charlotte Laiho Foged (kumite)
Torben Christensen (kumite)
Martin Strandgaard (kumite)
Tommy Busk (kumite)
Tomas Bjuring (kumite)

Ísland:

Sólveig Sigurðardóttir (kata og kumite)
Daníel Pétur Axelsson (kata og kumite)
Edda L. Blöndal (kumite)
Jón Ingi Þorvaldsson (kumite)
Ingólfur Snorrason (kumite)
Jón Viðar Arnþórsson (kumite)
Andri Sveinsson (kumite)